



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Skólastjóri Fossvogsskóla
Haðaland 26
108 Reykjavík

Reykjavík 28. maí 2020

Efni: Vegna ástands á húsnæði Fossvogsskóla

Umboðsmanni barna hefur borist erindi þar sem fram koma áhyggjur nemenda í Fossvogsskóla vegna ástands á húsnæði skólans og framkvæmda vegna myglu og raka.

Jafnframt kemur fram að skólastjórnendur og Reykjavíkurborg hafi ekki haldið sérstaka upplýsingafundi fyrir börnin sem um ræðir og að nemendur hafi fyrst og fremst fengið upplýsingar um framgang verkefnisins og stöðu mála í gegnum foreldra sína. Umboðsmaður barna vill sérstaklega áréttta að skólar eru vinnustaðir barna og því er brýnt að þau fái ekki aðeins upplýsingar um stöðu mála hverju sinni og næstu skref, heldur fái jafnframt tækifæri til þess að eiga samtál við skólastjórnendur og aðra sem taka ákvarðanir í málinu, og að tekið sé mark á sjónarmiðum þeirra. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, ber að tryggja börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem þau varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Þátttaka barna í ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar leiðir ávallt til upplýstari og vandaðri ákvarðana.

Þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á börn ber að taka slíka ákvörðun með það að leiðarljósi sem er börnunum fyrir bestu, en það er ein meginregla Barnasáttmálans. Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns barna er ljóst að ákveðinn hópur nemenda í skólanum telur myglu og raka í skólahúsnæðinu hafa haft neikvæð áhrif á heilsu þeirra og líðan og í einhverjum tilvikum, þrátt fyrir endurbætur, eru nemendur enn að finna fyrir þeim einkennum. Einnig er ljóst að þó svo að nemendur finni ekki fyrir líkamlegum einkennum þá er þetta ástand líklegt til þess að valda þeim streitu og áhyggjum með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum á líkamlega og andlega líðan þeirra. Tekið skal fram að samkvæmt 24. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja. Telur umboðsmaður barna brýnt að brugðist sé við þannig að nemendur skólans séu upplýstir um hvert þeir geti leitað ef þeir finna fyrir líkamlegum einkennum sem þeir telja að rekja megi til aðstæðna í skólahúsnæði, en einnig

er mikilvægt að skólastjórnendur og Reykjavíkurborg hvetji nemendur til þess að upplýsa um möguleg einkenni, þannig að fyrir liggi upplýsingar um umfang vandans. Þá er sömuleiðis brýnt að börnin sem stunda nám við skólann viti hvert þau geti leitað ef þau telja sig þurfa nánari upplýsingar um myglu eða framgang verkefnisins við að uppræta vandann. Einnig er brýnt að skólinn hafi frumkvæði að því að hvetja börn til þess að ræða við einhvern ef þau finna fyrir kvíða eða streitu vegna þessa ástands og bendi börnunum jafnframt á hvert þau geti leitað eftir aðstoð.

Umboðsmaður barna vill því hvetja Reykjavíkurborg og stjórnendur Fossvogsskóla til þess að huga sérstaklega að rétti barna til upplýsinga, þátttöku og besta mögulega heilsufars samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans, við töku ákvarðana er varða skólahúsnæði Fossvogsskóla.

Virðingarfyllt.



Salvör Nordal
Umboðsmaður barna

Samrit sent á skrifstofu borgarstjóra.